



Bættur námsárangur á Austurlandi

Vegna lestrarskimunar (Logos) og stærðfræðiskimunar (Talnalykill) í 6. bekk á Austurlandi - dagana 1. – 15. október 2018

Til skólastjórnenda, deildarstjóra sérkennslu og viðkomandi umsjónarkennara!

Eins og skólastjórnendur og kennarar vita heldur átakið Bættur námsárangur í leik- og grunnskólum á Austurlandi áfram í vetur, en átakið beinist að því að efla lestur og stærðfræðipækkingu barna í fjórðungnum. Verkefnið er hugsað sem fimm ára ferli til að bæta námsárangur nemenda á Austurlandi. Áherslan er til að byrja með á læsi og reikniaðgerðirnar fjórar.

Skimun eftir **lestrar-** og **stærðfræðierfiðleikum** hjá nemendum í 6. bekk verður lögð fyrir í skólunum í **október**. Kennsluráðgjafar Skólaskrifstofu Austurlands munu sjá um að leggja skimanirnar fyrir.

Í **lestri** verður skimað með ákveðnum hlutum prófins **LOGOS**¹ fyrir nemendur.

Athugaður verður:

Leshraði - lestrarnákvæmni

Lesskilningur

Stafsetning

Hjá nemendum sem koma út undir 30. hundraðsröð í leshraða og/eða lestrarnákvæmni verður einnig skimað með

Lestur með hljóðaáferð

Lestur út frá rithætti

Niðurstöður skimunar **sýna stöðu nemenda í hundraðsröð miðað við jafnaldra** í þeim þáttum sem prófaðir eru.

Sýni **nemendur slakan árangur eða undir 30. hundraðsröð í leshraða eða lesskilningi** er mælt með fyrirlögn alls Logosprófsins. **Senda verður Skólaskrifstofu Austurlands beiðni um það undirritaða af foreldrum og skólastjóra.**

¹ Logos er rafrænt lestrarpróf sem lagt er fyrir nemendur til að meta hvort þeir eiga við lestrarerfiðleika að etja. Það er í 14 hlutum en við skimun verða einungis lagðir fyrir nokkrir þættir eins og áður segir. Ef nemendur sýna slakan leshraða og lesskilning við skimun er mikilvægt að kanna nánar undirstöðuþætti lestrar með því að leggja fyrir allt Logosprófið.

Í **stærðfræði** verður skimað eftir erfiðleikum í **reikningsaðgerðunum fjórum** með fyrirlögn hluta úr prófinu Talnalykill. Talnalykill er greinandi stærðfræðipróf sem gefið er út af Námsmatsstofnun. Það er hópskimun (lögð fyrir alla nemendur í einu), sem tekur u.þ.b. 40 – 50 mínútur. Nemendur sem eru undir 70%, þurfa aukna þjálfun í stærðfræði.

Niðurstöðum beggja skimananna verður skilað til skólastjóra, umsjónarkennara og sérkennara á sérstökum fundi, þar verða einnig ígrundaðar leiðir til að vinna með þá nemendur sem koma illa út úr skimununum. Í framhaldi af skilafundinum fá foreldrar/forráðamenn upplýsingar sendar um stöðu barna sinna í lestri, stafsetningu og reikningsaðgerðunum fjórum.

Umsjónarkennarar geta óskað eftir því að kennsluráðgjafi komi í heimsókn í bekkinn eftir skimun og ræði við nemendur um mikilvægi ástundunar í lestri og stærðfræði.

Gátlisti

Þar sem um er að ræða **tvær** skimanir sem eru bæði hóp- og einstaklingsskimanir er mjög mikilvægt að stjórnendur og/eða viðkomandi umsjónarkennarar undirbúi heimsókn kennsluráðgjafa vel. Því biðjum við ykkur að hafa í huga eftirfarandi **gátlista**.

- ✓ Dagsetningu heimsóknar (Athugið að í stærri skólum eru allt að 5 dagar teknir í skimanir).
- ✓ Skólastjórnendur sendi **foreldrabréf** (varðandi skimanirnar) tímanlega til foreldra. Bréfin hafa verið send skólastjórnendum en eru einnig inn á heimasíðu Skólaskrifstofunnar.
- ✓ Vera búin að **útvega skimunarhefti** fyrir nemendur (**TALNALYKILL – Prófhefti 1B**). Heftin eru pöntuð inni á vefsíðu Talnalykils: **talnalykill.is**.
- ✓ Nafnalisti með **fæðingardeg** og heimilisfangi nemenda tilbúinn.
- ✓ Aðgangur að stundaskrá og stofutöflu viðkomandi bekkjar.
- ✓ Ritari viðkomandi skóla verði settur inn í málin og aðstoði kennsluráðgjafa við „að sækja nemendur“, ef þess þarf.
- ✓ Ræða við nemendur um mikilvægi þess að mæta í skólann viðkomandi dag.
- ✓ Stafsetningarhlutinn er lagður fyrir allan nemendur í einu (15 – 20mínútur). Mikilvægt er að kennsluráðgjafi geti lagt þann hluta fyrir í **byrjun skimunar**. Því er biðlað til ykkar um að gera undanþágu ef hópurinn er t.d. tvískiptur og/eða í verklegum greinum.

- ✓ Þegar stafsetningarhlutanum er lokið er **hópskimunin í Talnalykli** lögð fyrir (40 – 50 mín).
- ✓ Búið verði að raða borðum „einstaklingslega“ (í heimastofu) daginn áður, svo að stafsetningarhlutinn og Talnalykillinn taki sem minnsta tíma.
- ✓ Aðstaða fyrir kennsluráðgjafa til að leggja fyrir einstaklingsskimunina (í LOGOS) verði til staðar. Í stærri skólunum koma tveir kennsluráðgjafar og því þarf tvær stofur í þeim tilvikum.
- ✓ Ekki er gert ráð fyrir frímínútum eða löngum matartímum.
- ✓ Gert er ráð fyrir að ljúka við skimanir í hverjum skóla samkvæmt skipulagi því verður unnið að skimunum eins lengi og hægt er fram á skóladaginn.

Með bestu kveðju
Jarþrúður Ólafsdóttir
Björg Þorvaldsdóttir
Kennsluráðgjafar
Skólaskrifstofa Austurlands
Búðareyri 4 - 740 Reyðarfirði
Sími: 4705050
jarth@skolaust.is
bjorg@skolaust.is